

skyldi verða sent herskip til Íslands til að verja landið ágangi erlendra fiskimanna.

1862.

6. marzm.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppboðslaun af verði fyrir hest, er jafnaðarsjóður suðurumdæmisins var eigandi að.

19. marzm.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá álit yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi 8. októberm. f. á., um 2. útásetninga- grein við reikning jafnaðarsjóðs suðurumdæmisins fyrir árið 1858, en í þeirri grein er fundið að því, að tekin hafa verið upp- boðslaun af verðinu fyrir hest, er seldur var fyrir jafnaðar- sjóðinn, m. m., þá hefir stjórnarráðið í dag ritað endurskoð- unarstjórnardeild konungsríkisins á þá leið, að með því sveita- málefni ekki verði heimfærð undir orðin „opinber málefni“ í 13. grein í aukatekjureglugjörðinni 10. septemberm. 1830, þá megi útásetning sú, er gjörð hafi verið um þetta efni, niður falla.

Þetta er yður kunngjört yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um skipti á konungsjörðinni Öxará fyrir jarðirnar Granastaði og Neðribæ.

27. marzm.

Eptir bænarskrá frá Sigurði Guðnasyni á Ljósavatni, er hingað kom með bréfi yðar, herra amtmaður, 7. októberm. f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknast að fallast á með úrskurði 18. þ. m., að beiðandinn megi fá eignarjörð ríkissjóðsins, Öxará í Ljósavatns hrepp í Þingeyjarsýslu, með 4 kúgildum, í skiptum

1862. fyrir jarðirnar Granastaði í sama hrepp og Neðribæ í Háls hrepp
27. marzm. í sömu sýslu, er báðar til samans eru með 4 kúgildum.

Um leið og þetta er kunngjört yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það hlutaðeiganda, skorar dómsmálastjórnin á yður, að þér gjörðið þær ráðstafanir, er með þarf, til þess jarðaskipti þessi komist á, og að þér hlutist til um, að jarðir þessar síðan verði teknar: Granastaðir undir umboð „Norður sýslu umboðsjarða“, og Neðribær undir umboð „Reykjadals jarða og hálftrar Flateyjar“.

Þegar jarðaskipti þessi eru búin, vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu frá yður um það, og um leið eptirrit af jarðaskiptabréfinu.

7. aprilm. **20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um fê ómyndugra og lausar ríkisskuldur.**

Eptir því, sem fjárstjórnin hefir frá skýrt, verða ekki endurnýjaðar ákvarðanir þær, sem settar hafa verið um hinar lausu ríkisskuldur fyrir tímabilið frá 1. aprilm. 1860 til 31. marzm. 1862, og hefir þess vegna frá lokum fyrra mánaðar verið hætt að setja á vöxtu í ríkissjóðinn fê ómyndugra og opinberra stofnana, svo sem áður hefir leyft verið í lögum 4. nóvemberm. 1859 um lausar ríkisskuldur, og í eldri lögum.

Um leið og yður er birt þetta, herra (tit.) til þess það verði kunnugt öllum þeim, er hlut eiga að máli, skal þess getið, að það er vitaskuld, að haldið verður áfram að greiða vöxtu af því fê, sem þegar er komið inn í ríkissjóðinn, eins og að undanfögnu, þangað til búíð er að borga það út úr sjóðnum eptir undanfarandi uppsögn, með þeim fyrirvara, sem ákveðinn er um það fê¹. Því skal við bætt, að þangað til nákvæmar verður

1) Í bréfinu til stiptamtmannsins er þessi grein þannig orðuð:

„Um leið og yður er birt þetta, herra stiptamtmaður, til þess það verði kunnugt öllum þeim, er hlut eiga að máli, skorar dómsmálastjórn-